

GJALDSKRÁ

fyrir verð á upplýsingum úr fasteignaskrá, skrá um álagningarstofn fasteignaskatts og útselda vinnu Fasteignamats ríkisins.

1. gr.

Verð fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá og skrá um álagningarstofn fasteignaskatts er tvíþætt:

- a. Grunnverð fyrir upplýsingar.
- b. Viðbótarverð ef um tekjuöflun á grundvelli upplýsinga úr skránum er að ræða.

Grunnverð skv. a-lið 1. málsg. skal vera kr. 20,00 á matseiningu og viðbótarverð skv. b-lið skal vera 1% af tekjum.

Séu keypt fleiri en eitt eintak af skrá skal verð fyrir hvert aukaeintak vera kr. 10,00 á matseiningu.

Sveitarfélög fá 50% afslátt af grunnverði skv. 2. mgr. Sama gildir um aukaeintaksverð skv. 3. mgr. Viðbótarverð til sveitarfélaga skv. b-lið 1. málsg. skal vera 0,005% af álagningarstofni fasteignaskatts.

Hafi aðili keypt aðaleintak úr annarri skránni skoðast næstu eintök sem aukaeintök, þótt úr hinni skránni séu.

2. gr.

Fyrir sérvinnslur úr fasteignaskrá gildir eftirfarandi verðlagning:

- a. Byrjunargjald kr. 15.000,00.
- b. Fyrir hverja klst. umfram tvær: kr. 5.000,00. Þetta gjald innifelur álag á vinnu sérfræðings vegna afnota gagna og tölvu.
- c. Fyrir límmiðaútprentun greiðist að auki kr. 1,85 fyrir hvern límmiða.

3. gr.

Fyrir beinlínutengingu við tölvuskra Fasteignamats ríkisins til uppflettingar á tölvuskjá skal greiða svo sem hér segir:

1. Fyrir almennt leyfi:
 - a. kr. 3.400,00 á mánuði fyrir 1. notanda.
 - b. kr. 1.700,00 á mánuði fyrir 2. og 3. notanda.
 - c. kr. 1.000,00 á mánuði fyrir 4. og 5. notanda.

Séu notendur fleiri hjá sömu stofnun en um getur í liðum a - c skal gera sérstakan samning um endurgjald.

2. Fyrir sérstakt leyfi:
kr. 6.600,00 á mánuði fyrir hvern notanda.

Almennt leyfi innifelur almennar lágmarksupplýsingar úr fasteignaskrá, t.d. heiti eignar og greinitölur, fasteignamat, stærðir, heiti eigenda o.fl. Unnt er að leita að eignum eftir heiti og greinitölum eignanna.

Sérstakt leyfi innifelur víðtækari upplýsingar um eignir, t.d. eigendasögu, o.fl. auk þess að geta flett upp eftir kennitölu eigenda.

4. gr.

Fyrir sérmöt skal greiða sem hér segir:

- | | |
|---|--------------------|
| a. Sérmat á íbúð | kr. 7.500,00 |
| b. Önnur sérmöt: Lágmarksgjald | kr. 7.500,00 |
| Fyrir vinnu sérfræðings við mat umfram 2,5 klst. | kr. 3.000,00/klst. |
| Fyrir vinnu matsfulltrúa við mat umfram 4,0 klst. | kr. 1.800,00/klst. |

5. gr.

Tímavinnugjald fyrir aðra þjónustu Fasteignamats ríkisins skal vera svo sem hér segir:

- | | |
|---------------------|--------------------|
| a. Sérfræðingur | 2.700,00 kr./klst. |
| b. Matsfulltrúi | 1.600,00 kr./klst. |
| c. Aðrir starfsmenn | 1.200,00 kr./klst. |

6. gr.

Fyrir endurmat brunabótamats skal greiða samkvæmt auglýsingu um virðingar til brunatryggingar á húseignum o.fl., sbr. nú auglýsingu nr. 332 10. júní 1996.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. 27. gr. laga nr. 1/1992 um breytingu á þeim, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 461/1993 um sama efni.

Fjármálaráðuneytinu, 18. nóvember 1996.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 597

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups varðandi beiðni um að Fáskrúðsfjarðarsókn í Kolfreyjustaðarprestakalli, Austfjarðaprófastsdæmi verði sameinuð Kolfreyjustaðarsókn í sama prestakalli.

„Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. nóvember 1996, sbr. bréf Davíðs Baldurssonar, prófasts, dags. 15. október 1996, þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Fáskrúðsfjarðarsókn í Kolfreyjustaðarprestakalli, Austfjarðaprófastsdæmi, verði sameinuð Kolfreyjustaðarsókn í sama prestakalli og að hin nýja sókn mundi halda heitinu Kolfreyjustaðarsókn.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“